



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, sunnudaginn 22. febrúar, kl. 14:00.

Markmið verðlaunanna er að heiðra námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Fimm verkefni eru tilnefnd til verðlaunanna í ár:

1. *Aukin verðmæti úr vinnslu á karfa – Rannsókn á efnasamsetningu og lífvirkni slíms úr karfaaugum*; unnið af Friðrik Þór Bjarnasyni.

2. *Eden hugmyndafræðin og hlýleiki á öldrunarheimilum Akureyrar*; unnið af Maríu Guðnadóttur.

3. *Íslenskir þjóðstígar: stefnumótun og gönguleiðir á Íslandi* unnið af Gísla Rafni Guðmundssyni.

4. *Íslenskuþorpið; leið til þátttöku í samskiptum á íslensku*, unnin af Edvardas Paskevicius.

5. *Sjálfvirkt gæðamat augnbotnamynda*; unnið af Benedikt Alta Jónssyni.

Við athöfnina munu forseti Íslands, formaður stjórnar Nýsköpunarsjóðs námsmanna og fulltrúi nemenda í stjórn sjóðsins flytja ávörp.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir athöfnina. Að lokinni verðlaunaafhendingu verður sköpuð aðstaða á Bessastöðum til að fréttamenn geti rætt við verðlaunahafa.

22. febrúar 2015

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (s. 540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946), Aðalheiður Jónsdóttir (892 1916) og Hulda Proppé (821 4332).